



## Matargerð í Bláskógabyggð

### Viðvangsefni

Nú skaltu finna uppskrift að mat sem er sérstök fyrir ákveðinn bóndabæ eða lögbýli eða annan stað í sveitinni. Uppskriftin þarf að uppfylla það að hafa einhverja hefð fyrir viðkomandi stað og vera sérstök fyrir einhverra hlutasakir. Þú gætir einnig skráð niður verkun á mat í gamla daga og búið til efni

### Lýsing á verkefni

- Leitaðu að uppskrift hjá einhverjum sem hefur búið lengi/býr í sveitinni
- Skrifaðu uppskriftina niður, mundu eftir að segja frá því hvaðan þú færð uppskriftina og af hverju hún er sérstök
- Reyndu að koma því þannig fyrir að þú hafir mynd/myndir af afurðinni sem uppskriftin er af. T.d. gætir þú útbúið það sem uppskriftin hefur upp á að bjóða og taka myndir jafnóðum. T.d. er hægt að taka myndir af hráefninu og slíkt
- Einnig er hægt að gera stafræna mynd um ferlið og setja annað hvort í ljósmyndaforritið „Photostory“ eða „Movie maker“
- Settu upp áætlun um hvernig þú ætlar að vinna verkið áður en þú byrjar. Fáðu áætlunina samþykka hjá kennaranum

### Heimildir

- Athugaðu á bókasafninu hvort þú finnur heimildir um uppskriftina þína eða eitthvað tengt henni t.d. matarvenjur og hefðir
- Prófaðu að fara á leitarvélur á Netinu og sjá hvort þú finnur eitthvað þar
- Athugaðu hjá söfnum t.d. Þjóðminjasafninu, Árbæjarsafninu eða einhverju slíku hvort eitthvað tengt uppskriftinni þinni er til t.d. áhöld
- Er einhver í sveitinni sem gæti sagt þér e-ð skemmtilegt í tengslum við það sem þú ert að vinna

**Skil verkefnis** Til umsjónarkennara eða vefstjóra

**Aldur** 7.-10.bekkur

#### Áhöld og tæki

- Blað, skrifffæri
- Stafræn myndavél
- Önnur tæki sem þú þarft að nota helgast af því á hvaða mögulega vefformi þú vilt skila verkefninu
- Ræddu við kennarann um hvaða tæki þú þarft að nota

#### Frágangur verkefnis

- Uppskriftinni þarf að skila í Word-skjali
- Myndum á .jpg-formi og í stærðinni 400X300 pixlar
- Ef þú setur efnið upp í forrit t.d. Photostory eða Movie Maker þarf að vista þau fyrir vef

### Tilvísun í námsskrá 2007

#### Upplýsingatæki:

Áfangamarkmið í nýsköpun og hagnýtingu þekkingar við lok 7.bekkjara um hugmynd, lausn, afurð (bls.23)  
Áfangamarkmið við tölvunotkun við lok 10.bekkjara um tölvulæsi og beitingu tölva (bls.18)  
Lokamarkmið í nýsköpun og hagnýtingu þekkingar varðandi upplýsingar og tæknilæsi (bls.21)

#### Heimilisfræði:

Áfangamarkmið í heimilisfræði við lok 7.bekkjara um matreiðslu, vinnubrögð, matvælafræði og hreinlæti (bls.10)

#### Samfélagsgreinar:

Áfangamarkmið í sögu við lok 7.bekkjara um rýni (bls.17)